

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2018, föstudaginn 9. mars, var haldinn 283. fundur stjórnar Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Gunnar Valur Gíslason varaformaður stjórnar sem stýrði fundi, Bryndís Haraldsdóttir, Bjarni Torfi Álfþórsson, Kristinn Andersen (sat fund undir tl. 1) og S. Björn Blöndal. Fjarverandi: Sverrir Óskarsson. Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Ársreikningur 2017.
2. Áhættumatsskýrsla.
3. Starfsáætlun stjórnar 2018.
4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks.
5. Áframhaldandi samstarf við ALP hf. um deilibíla (Zipcar).

Tekið fyrir:

1. Ársreikningur 2017

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri, kynnti helstu niðurstöður ársreiknings 2017. Árni Claessen, endurskoðandi hjá KPMG, fór yfir ársreikninginn og endurskoðunarskýrslu KPMG, dags. 2. mars 2017. Ólafur Kristinsson, formaður endurskoðunarnefndar Strætó, kynnti störf endurskoðunarnefndar vegna ársreiknings 2017. Stjórn samþykkir ársreikning Strætó bs. 2017. Stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu ársreikninginn með undirritun sinni. Jafnframt staðfesti endurskoðandi ársreikninginn fyrir sitt leyti með undirritun sinni.

Kristinn Andersen vék af fundi.

2. Áhættumatsskýrsla

Framkvæmdastjóri fór yfir mat á helstu áhættuþáttum félagsins, sem skilgreindir eru í samþykktri áhættustefnu Strætó.

3. Starfsáætlun stjórnar 2018

Fyrir fundinum lágu drög að starfsáætlun stjórnar 2018. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi starfsáætlun.

4. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Erlendur Pálsson, sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs, fór yfir gang mála í akstursþjónustu og hvernig brugðist hefur verið við til að koma í veg fyrir alvarleg frávik í þjónustunni.

5. Áframhaldandi samstarf við ALP hf. um deilibíla (Zipcar).

Fyrir fundinum lágu drög af samningi um áframhaldandi samstarf við ALP hf. til 31.12.2018 um deilibíla. Um er að ræða tilraunaverkefni um sameiginlegt sölu- og markaðsstarf á vöru sem verður kölluð „StrætóZip samgöngukort“.

Stjórn samþykkir samninginn enda er um sama fyrirkomulag að ræða og samþykkt var sem tilraunaverkefni í janúar 2018.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: kl. 13:00

Gunnar Valur Gíslason
Kristinn Andersen
Bjarni Torfi Álfþórsson

Bryndís Haraldsdóttir
S. Björn Blöndal

Fylgiskjöl:

- Ársreikningur Strætó bs. 2017
- Kynning á ársreikningi 2017, dags. 9. mars 2018